

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Tinnuskarðs 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 22. júlí sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður um 90 m². Syðri hluti byggingarreitsins færir fjær götu um tvo metra og nyrðri hluti byggingarreitsins færir nær lóðinni nr. 10 um 60 cm.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 25. maí sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að í stað einbýlishúss á 1-2 hæðum er sótt um byggja einbýlishús á einni hæð á lóðinni. Eftir breytingu verður gólfkóti bílskúrs 41,6 og gólfkóti íbúðar 42,3.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. áfanga vegna Hádegisskarðs 18.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 15. júní sl. að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að form byggingarreits er breytt en stærð reitsins er sú sama. Haldið er í megin hugmynd deiliskipulagsins um stöllum byggingarforma. Íbúðafjöldi er sá sami og fyrir breytingu.

Nýtt deiliskipulagi fyrir Hringhamar 39, þróunarreitir 29B í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 8. júní sl. deiliskipulag fyrir reit 29B við Hringhamar 39 í Hamranesi. Í deiliskipulaginu sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir tvö 5 hæða fjölbýlishús með allt að 45 íbúðum. Gert er ráð fyrir bílakjallara ásamt bílastæðum á lóð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga og hafa uppdrættir og greinargerðir hlotið þá málsmeðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskiplagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. ágúst 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 18. ágúst 2022